

Námskeið félagsmiðstöðva
Reykjavíkurborgar
2024

Vika6

Jafnréttisskóli Reykjavíkurborgar

Eitruð
lítill
pilla



Fræðsluverkefni um sýninguna Eitraða litla pillu sem frumsýnd er í Borgarleikhúsinu 2024

Fræðslan er ætluð unglingum á aldrinum 14-18 ára og er unnin í samstarfi Jafnréttisskóla Reykjavíkurborgar og Borgarleikhússins

Umsjón fræðsluverkefnis:

Emelía Antonsdóttir Crivello

Eva Halldóra Guðmundsdóttir

Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir

Marianna Guðbergsdóttir

Ljósmyndir: Saga Sigurðardóttir

Myndir eru teknar á æfingaferli og því ekki endanleg heimild um sýninguna.



Um sýninguna

Eitruð
lítill
pilla

Söngleikurinn **Eitruð lítill pilla** er frumsýndur á stóra sviði **Borgarleikhússins** í febrúar 2024. Söngleikurinn byggir á tónlist af samnefndri plötu **Alanis Morissette**, einni áhrifamestu plötu tíunda áratugarins og einni söluhæstu hljómplötu allra tíma.

Tónlist **Alanis Morissette** einkennist af óbeisluðum krafti og hráum og hnitmiðuðum textum. Lög á borð við „**You Oughta Know**“, „**You Learn**“ og „**Ironic**“ eru ótvírætt meðal helstu einkennislaga tíunda áratugarins. Alanis, sem var aðeins 21 árs þegar hún gaf út plötuna **Jagged Little Pill**, er talin hafa rutt veginn fyrir margar ungar tónlistarkonur. Stjörnur á borð við Olivia Rodrigo, Pink, Katy Perry og Avril Lavigne hafa nefnt plötuna sem mikinn áhrifavald og innblástur í tónlist þeirra.

Álfrún Helga Örnólfsdóttir leikstýrir. Jóhanna Vigdís Arnardóttir fer með hlutverk **Mary Jane**, húsmóður á miðjum aldri sem býr í úthverfi með fjölskyldunni sinni. Á yfirborðinu er allt í himnalagi. Eiginmaður hennar, **Steve**, sem leikinn er af Vali Frey Einarssyni er í góðu starfi og sonur þeirra **Nick**, leikinn af Sigurði Ingvarssyni, var að komast inn í Harvard. Aldís Amah Hamilton fer með hlutverk **Frankie**, sem er að reyna að fóta sig sem ættleidda tvíkynhneigða dóttir úthverfadrottningarinnar. Smátt og smátt er þó farið að kvarnast upp úr fallettu fjölskyldumyndinni sem **Mary Jane** sendir með jólakortinu á hverju ári. Hún hefur ánetjast ópíóðalyfjum og áður en yfir lýkur þarf öll fjölskyldan að horfast í augu við óþægilegar staðreyndir - óþægilegar staðreyndir sem eru kannski grundvöllur lífsins þegar betur er að gáð. Með önnur hlutverk fara Íris Tanja Flygenring og Haraldur Ari Stefánsson ásamt fleirum. Íslensk þýðing verksins er í höndum Matthíasar Tryggva Haraldssonar og Ingólfs Eiríkssonar.

Söngleikurinn **Jagged Little Pill** var fyrst settur upp í American Repertory Theater árið 2018 og sló svo í gegn á Broadway tveimur árum síðar. Síðan þá hefur Jagged Little Pill ferðast um Bandaríkin, Kanada og Ástralíu og unnið til fjölda verðlauna, þ.á.m. **Tony verðlauna** fyrir besta handrit og **Grammy verðlauna** sem besta söngleikjaplatan.

Liður 1

Samstarfsverkefni
Skóla- og frístundasviðs
og Borgarleikhússins

Trúnóhringur:

Við nýtum hinn klassíska trúnó félagsmiðstöðvanna til þess að ræða um sýninguna. Byrja á því að segja að hér berum við virðingu fyrir hvort öðru, að þegar fólk tjáir sig þá fari það ekki lengra og að það þarf enginn að deila neinu nema þau vilji það. Mikilvægt að taka fram að ef eitthvað kemur upp sem starfsfólk telur vera þeim hættulegt eða alvarlegt beri félagsmiðstöðvastarfsfólki skylda að vinna með það áfram eins og að hafa samband við forsjáraðila o.s.frv.

Hvað er verið að fjalla um í sýningunni?

1. Starfsfólk leitar eftir þessum þemum í svörum unglínganna:
 - a. Kynferðisofbeldi, eitruð samskipti, fíkn, unglíngadrykkja, rasismi og hinseginleiki (kynsegin, samkynhneigð, þankynhneigð, kyntjáning).
 - b. Vinátta, heilbrigð samskipti.
2. Umræður - Titillinn, Eitruð lítil pilla, er vísun í tvennt:
 - a. Eiturlyf
 - b. Að koma með eittraðar athugasemdir til annara/ senda pillur á milli


Tengduð þið við:

1. Einhverja persónu? Af hverju?
2. Pressan að komast inn í framhaldsskóla?
3. Að standa með þolendum? Eða vita ekki hvernig hægt er að standa með þolendum?

Liður 2

Samstarfsverkefni
Skóla- og frístundasviðs
og Borgarleikhússins

Heilbrigð og óheilbrigð samskipti:



Umferðaljós: Unglingarnir flokka hegðun og samskipti í „græna, gula eða rauða.“ Hópurinn er með eitt grænt blað, eitt gult og eitt rautt sem þið hengið upp á vegg.

- Græna blaðið stendur fyrir jákvæða, góða og heilbrigða hegðun eða samskipti.
- Gula blaðið stendur fyrir hegðun eða samskipti sem mætti vinna í.
- Rauða blaðið stendur fyrir hegðun eða samskipti sem eru eitruð, óheilbrigð og ætti að stoppa.

Svo draga tvö til þrjú saman einn miða og á honum er setning eða hegðun sem þau spjalla saman um. Svo skiptast unglungarnir á að fara upp og setja miðann sinn á græna, gula eða rauða blaðið. Miðar til að klippa út fylgja með, neðst í skjalinu.

1. Eru öll sammála?
2. Umræður - má svo færa miðann á annan lit.

Á næstu opnu má sjá setningar sem þátttakendur draga í þessari æfingu.

Aftast í heftinu eru setningarnar til útprentunar og einnig rautt, gult og grænt blað fyrir verkefnið.

Að setja þarfir annarra alltaf fram fyrir sínar eigin þarfir
(Mary Jane ofurmamma)

Nick vill ekki tala við Frankie um kynferðisofbeldið og segir
að það komi honum ekkert við

Að kenna sjálfri/sjálfum/sjálfu sér um eitthvað sem annar gerði
(Mary Jane kennir sér um ofbeldið sem hún varð fyrir)

Að fara í hjónabandsráðgjöf
(Mary Jane og Steve hitta ráðgjafa)

Að snerta hár annarra án þess að fá leyfi / spyrja fyrst
(Lily Fisher snertir hárið á Frankie)

Að styðja vin/vinkonu í gegnum erfiða tíma
(Frankie og Jo styðja við Bellu eftir að hún verður fyrir kynferðisofbeldi)

Að koma með óumbeðna athugasemd um aðra, t.d. útlit eða
klæðarburð/ að senda eittraða pillu
(Mary Jane gagnrýnir Frankie fyrir stuttbuxurnar sem hún er í)

Mótmæla
(Krakkarnir mótmæla viðbrögðum við frásögn Bellu af ofbeldinu)

Að hitta tvo í einu
(Frankie að hitta Jo og Phoenix)

Að sofa hjá einhverjum sem þú ert nýbúin/n/ið að kynnast

(Frankie og Phoenix sofa saman)

Að ætlast til þess að vinir/vinkonur komi strax þegar eitthvað

er að hjá þér

(Frankie hringir í Phoenix þegar hún strýkur að heiman og verður sár þegar hann kemst ekki því hann er að sjá um systur sína)

Að segja nei þegar þú getur ekki verið til staðar

(Phoenix segir nei við Frankie þegar hún hringir og biður hann að sækja sig)

Að verða sár ef manneskjan sem þú ert að hitta sefur hjá öðrum

(Jo verður sár þegar Frankie sefur hjá Phoenix)

Að segja sannleikann þrátt fyrir að það sé erfitt

(Nick ber vitni fyrir Bellu)

**Er eitthvað fleira sem þið
viljið bæta við og ræða?
Meira en velkomið!**



Afstöðuleikur

Lína er gerð á gólfinu með teipi, trefli eða hverju sem er handhægt. Þátttakendur standa öðru megin ef þeim finnst staðhæfingin rétt/eru sammála og hinu megin ef þeim finnst hún röng/eru ósammála. Á næstu síðu eru staðhæfingar, það þarf ekki að gera allar - það má velja nokkrar.

1. Starfsfólk greinir og leggur línuna.
2. Staðhæfing er lesin.
3. Krakkarnir velja sér stöðu.
4. Umræður:
 - a. Af hverju finnst þér þetta rétt/rangt?
 - b. Af hverju ertu sammála/ósammála?
5. Svo gefur starfsfólk rými þar sem má skipta um skoðun þar sem umræður geta haft áhrif á skoðanir.
6. Umræður:
 - a. Af hverju skiptu þið um skoðun?
 - b. Eruð þið enn örugg á svári eða alveg örugg á svári?

Rétt

Sammála


Röng

ósammála

1. Staðhæfing: Það er í lagi fyrir foreldri að vinna 60 klst á viku og hitta sjaldan fjölskyldu sína ef það þýðir að fjölskyldan þurfi ekki að hafa áhyggjur af peningum.
2. Staðhæfing: Það er í lagi fyrir foreldra að gagnrýna klæðaburð/útlit barna sinna ef það er tilraun til þess að vernda þau t.d. fyrir áreitni eða stríðni.
3. Staðhæfing: Foreldrar eiga að setja miklar/strangar kröfur á börnin sín varðandi skólagöngu eða íþróttaiðkun.
4. Staðhæfing: Það er mikilvægt að kynsegin eða trans einstaklingur upplýsi vini og fjölskyldu um kynvitund sína sem fyrst svo þau þurfi ekki að bíða í óvissu og viti betur hvernig á að nálgast viðkomandi.
5. Staðhæfing: Það þarf að leggja sig fram og mæta í party eða hitta vini þrátt fyrir að nenna ekki eða vilja ekki fara, til þess að halda vinatengslunum.
6. Staðhæfing: Það er mikilvægt að láta vini/vinkonur sínar vita ef þú ert með áhyggjur af þeim, t.d. að drekka undir aldri/of mikið eða á í óheilbrigðum samskiptum við einhvern, þótt það þýði að þau geti farið í fýlu út í þig.
7. Staðhæfing: Það verður að segja einhverjum fullorðnum frá ef þú verður fyrir ofbeldi, það er ekki nóg að segja jafnöldrum frá.
8. Staðhæfing: Það er mjög líklegt að fólk trúir einhverjum sem segir frá kynferðisofbeldi.
9. Staðhæfing: Það á alltaf að skipta sér af þegar við sjáum/heyrum einhvern beita annað fólk ofbeldi.
10. Staðhæfing: Ef maður drekkur frá sér allt vit má alveg búast við því að einhver nýtir sér það.
11. Staðhæfing: Stundum er betra að harka af sér heldur en að biðja um hjálp.
12. Staðhæfing: Kynferðisofbeldi hefur ekki bara neikvæð áhrif á manneskju sem verður fyrir því heldur líka fólk í kringum hana, og jafnvel á gerandann.

Hugarkort

Samvinnuverkefni þar sem allur hópurinn eða skipta í minni hópa vinnur saman að því að setja niður hugarkort um málefni sem tengjast rasisma og/eða fordómum. Hvað sjá þau í sýningunni og hvað sjá þau í sínu daglega lífi?




Staðalmyndir eru fyrirfram ákveðnar hugmyndir um útlit og/eða eiginleika fólks sem tilheyrir ákveðnum hópi eða stétt innan samfélagsins. Hvers konar staðalmyndir birtast í umhverfinu okkar? En í sýningunni? Hvaðan koma þessar staðalmyndir?



Dæmi um spurningar eða umræðupunkta:

1. Að sparka eins og stelpa
2. Allir hommar eru kvenlegir
3. Strákar geta ekki talað um tilfinningar
4. Hvernig líta fíklar út?

Kynþáttahatur er að finna til andúðar á tilteknum hópi fólks sem skilgreindur er út frá kynþætti. Hvernig finnst ykkur rasismi birtast í umhverfinu ykkar eða samfélaginu? En í sýningunni?



Dæmi um spurningar eða umræðupunkta:

1. Veggjakrot
2. Hatursorðræða
3. Brandarar sem eru fyndnir fyrir suma en ekki aðra

Örارةitni

Örارةitni byggir oft á staðalmyndum og er í mörgum tilvikum óviljandi. Þetta hugtak er notað yfir hversdaglegar athafnir, athugasemdir eða umhverfisþætti sem eru niðurlægjandi fyrir fólk sem tilheyrir ekki „norminu“.

Dæmi um spurningar eða umræðupunkta:

1. Fá hvítir sömu spurningar um hárið á sér og fólk af öðrum kynþætti?
2. Gerir ókunnugt fólk ráð fyrir að þú talir ekki íslensku?
3. Það er bara klósett á staðnum fyrir karla og konur, ekki kynsegin fólk.
4. Þú lendir í því mörgum sinnum á dag að fólk notar vitlaust persónufornafn yfir þig.



Hinseginleikinn

Horfa á einn þátt / brot úr þætti af Hinseginleikanum eftir Ingileif Friðriksdóttur.

Hinseginleikinn Kynsegin

Brot 0:56 - 01:51

Hugtakið kynsegin útskýrt
(Ingileif)

Brot 01:51 - 3:22

Upplifun kynsegin einstaklings
(Alda Villiljós)

Brot 09:37 - 12:15

Upplifun kynsegin einstaklings
(Vallý)

Hinseginleikinn Tví- og pankynhneigð

Brot 0:50 - 1:10

Hugtökin útskýrð (Ingileif)

Brot 4:24 - 5:45

Upplifun tvíkynhneigðs
einstaklings (Kristófer Alex)

Brot 8:03 - 10:18

Spjall við unglingshóp um
kynhneigðir

1. Hvernig finnst ykkur vinir/vinkonur Jo taka því að hán/hún/hann sé leitandi? En mamma Jo?
2. Hvernig er best að bregðast við ef einhver vill breyta nafninu sínu?
3. Finnst ykkur Jo líta út fyrir að vera kona/kynsegin/karl?
4. Er hægt að sjá á einhverjum hvort að manneskjan sé hinsegin?

Liður 3

Samstarfsverkefni
Skóla- og frístundasviðs
og Borgarleikhússins

Loka trúnað-hringur

Umræður:

1. Finnst ykkur þið sjá sýninguna á nýjan hátt eftir fræðsluna (leikina og umræðurnar)?
2. Er eitthvað sem þið viljið deila sem þið uppgötvuðuð eða lærðuð?
3. Finnst ykkur að fullorðið fólk ætti að sjá þessa sýningu? Af hverju?

Skrifið niður svörin og sendið á okkur:

eva.halldora.gudmundsdottir@reykjavik.is
marianna.gudbergisdottir@reykjavik.is
emelia@borgarleikhus.is

Sum svör verða birt á miðlum Viku6,
Borgarleikhúss og Barnameningarhátíðar

Nafnlausar spurningar að lokum:

Ef tími gefst í lokin þá geta þátttakendur skrifað spurningar á miða sem þið reynið svo að svara í sameiningu með þeim.

Til útprentunar:

Að setja þarfir annarra alltaf fram fyrir sínar eigin þarfir
(Mary Jane ofuramma)

Nick vill ekki tala við Frankie um kynferðisofbeldið og segir að það komi
honum ekkert við

Að kenna sjálfri/sjálfum/sjálfu sér um eitthvað sem annar gerði
(Mary Jane kennir sér um ofbeldið sem hún varð fyrir)

Að fara í hjónabandsráðgjöf (Mary Jane og Steve hitta ráðgjafa)

Að snerta hár án þess að fá leyfi / spyrja fyrst
(Lily Fisher snertir hárið á Frankie)

Að styðja vin/vinkonu í gegnum erfiða tíma
(Frankie og Jo styðja við Bellu eftir að hún verður fyrir kynferðisofbeldi)

Að koma með óumbeðna athugasemd um aðra, t.d. útlit eða klæðarburð/ að senda
eittraða pillu (Mary Jane gagnrýnir Frankie fyrir stuttbuxurnar sem hún er í)

Að mótmæla
(Krakkarnir mótmæla viðbrögðum við frásögn Bellu af ofbeldinu)

Að hitta tvo í einu (Frankie að hitta Jo og Phoenix)

Að sofa hjá einhverjum sem þú ert nýbúin/n/ið að kynnast
(Frankie og Phoenix sofa saman)

Að ætlast til þess að vinir komi strax þegar eitthvað er að hjá þér
(Frankie hringir í Phoenix þegar hún strýkur að heiman og verður sár þegar
hann kemst ekki því hann er að sjá um systur sína)

Að segja nei þegar þú getur ekki verið til staðar
(Phoenix segir nei við Frankie þegar hún hringir og biður hann að sækja sig)

Að verða sár ef manneskjan sem þú ert að hitta sefur hjá öðrum
(Jo verður sár þegar Frankie sefur hjá Phoenix)

Að segja sannleikann þrátt fyrir að það sé erfitt
(Nick ber vitni fyrir Bellu)

